

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 31. mars 2020

Mál nr. E-2449/2018:

A

(Steingrímur Þormóðsson lögmaður)

gegn

Vátryggingafélagi Íslands hf., C og D

(Ágúst Bragi Björnsson lögmaður)

Dómur

1. Mál þetta var höfðað 5. júlí 2018. Stefnandi er A. Stefnu eru Vátryggingafélag Íslands hf., Ármúla 3 í Reykjavík, C og D. Aðalmeðferð málsins fór fram 24. febrúar 2020 og var málið dómtekið að henni lokinni. Málið var endurupptekið 12. mars 2020 til að lögmönnum aðila gæfist kostur á að gera dómnum grein fyrir rétttri tilgreiningu innborgana stefnda á kröfu stefnanda og dómtekið að nýju þann sama dag.
2. Stefnandi gerir þær dómkröfur aðallega að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 21.657.706 krónur með 4,5% ársvöxtum af 7.356.239 krónum frá 7. júlí 2014, sem er sá dagur þegar stefnandi telur að heilsufar hennar hafi verið orðið stöðugt, til 8. janúar 2015, en af 21.657.706 krónum frá þeim degi til 12. ágúst 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. grein vaxtalaga nr. 38/2001, samanber 1. mgr. 6. greinar laganna, frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi gerir **til vara** þær dómkröfur að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 19.208.802 krónur með 4,5% ársvöxtum af 5.734.245 krónum frá 7. júlí 2014 til 8. janúar 2015, en af 19.208.802 krónum frá þeim degi til 12. ágúst 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. vaxtalaga nr. 38/2001, samanber 1. mgr. 6. greinar sömu laga, frá þeim degi til greiðsludags. Stefnandi gerir **til þrautavara** þær dómkröfur að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda 15.912.527 krónur með 4,5% ársvöxtum af 5.734.245 krónum frá 7. júlí 2014 til 8. janúar 2015, en af 15.912.527 krónum frá þeim degi til 12. ágúst 2017, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. grein vaxtalaga nr. 38/2001, samanber 1. mgr. 6. greinar sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Í öllum kröfuliðum, aðalkröfu, varakröfu og þrautavarakröfu gerir stefnandi ráð fyrir frádrætti vegna innborgana 1. ágúst 2014, 280.301 króna, 1. september 2014, 248.389 krónur, 1. október 2014, 256.669 krónur, 1. nóvember 2014, 248.389 krónur, 5. janúar 2015, 200.000 krónur, 28. janúar 2015, 200.000 krónur, 22. júlí 2016, 1.000.000 króna, 15. nóvember 2016, 4.000.000 króna, 15. nóvember 2017, 1.442.683 krónur og 4. júlí 2019, 7.513.858 krónur eða samtals 15.390.289 krónur. Þá krefst stefnandi 3.969.000 króna málskostnaðar að skaðlausu, in solidum úr hendi stefndu einsog mál þetta væri ekki gjafsóknarmál. Stefnu krefjast aðallega sýknu af

kröfum stefnanda en til vara að stefnukröfur verði stórlega lækkaðar. Í báðum tilvikum gera stefndu kröfu um málskostnað úr hendi stefnanda að mati dómsins.

3. Mál þetta á rætur að rekja til umferðaróhapps sem varð 7. júlí 2014 þegar ökutækinu X var ekið til vesturs eftir Bústaðavegi í Reykjavík og yfir á öfugan vegarhelming og í veg fyrir bifreiðina Y sem ekið var til austurs eftir Bústaðavegi með þeim afleiðingum að bifreiðarnar skullu saman. Stefnandi hlaut líkamstjón í slysinu. Ökumaður X var stefndi D en ökumaður Y var B. Stefnandi var framsætisfarþegi í bifreiðinni Y. Eigandi bifreiðarinnar X var E. Samkvæmt framburði vitna virðist ökumaður X hafa beygt skyndilega til vinstri á fremur litlum hraða í veg fyrir Y. Áreksturinn var harður og báðar bifreiðarnar skemmdust mikið. Við óhappið sprungu út líknarbelgir beggja bifreiðanna. Stefnandi kenndi sér eymsla í vinstri síðu og á brjóstakassa eftir slysið en hún var í bílbelti er óhappið varð. Hún var flutt með sjúkrabifreið á slysadeild í Fossvogi til aðhlynningar og var þar greind með tognun og ofreynslu á háls hrygg, tognun og ofreynslu á brjósthrygg, tognun og ofreynslu á lendahrygg, rifbrot og mar á fótlegg og fleiri áverka.
4. Í málinu liggur fyrir matsgerð F sem dómkvaddur var að tilhlutan stefnanda til að meta hraða bifreiðanna er áreksturinn varð og þann höggþunga sem stefnandi fékk á sig við ákeyrsluna. Niðurstaða F er að líklegasti hraði bifreiðarinnar X hafi verið 67 kílómetrar á klukkustund, er áreksturinn varð, en líklegasti hraði Y hafi verið 35 kílómetrar á klukkustund. Þá kemur fram í matsgerð F að líklegasti þyngdarkraftur sem bifreiðin Y hafi orðið fyrir við ákeyrsluna hafi verið allt að 15 g. Þá hafi stefnandi fengið á sig tvö högg, fyrst er ekið var á bifreiðina Y og síðan er bifreiðin hafi kastast á steiptan kant til hliðar við bifreiðina. Hafi meðalhröðun sú sem stefnandi varð fyrir er ekið var á bifreiðina verið 9,9 g og 5,6 g er bifreiðin lenti á kantinum.
5. Fyrir liggur að áður en stefnandi varð fyrir slysi því sem um er fjallað í þessu máli hafði hún orðið fyrir örorkutjóni vegna umferðarslysa og annarra óhappa. Þá er sömuleiðis óumdeilt að eftir að slysið varð hefur stefnandi lent í fleiri slysum og óhöppum. Í málinu er ekki deilt um sök eða bótaskyldu vegna umferðaróhappsins 7. júlí 2014 heldur um það hvert sé umfang þess tjóns sem stefnandi varð fyrir við óhappið eða vegna þess og svo hitt, að hversu miklu leyti örorkutjón stefnanda á rætur að rekja til þessa óhapps og hversu mikið má rekja til annarra slysa eða óhappa.

Málatilbúnaður stefnanda

6. Stefnandi telur sig hafa orðið óvinnufæra af völdum slyssins þann 7. júlí 2014 og hafa verið það síðan. Þá hafi hún verið talsvert undir læknishendi og í sjúkraþjálfun. Stefnandi vísar til vottorðs G frá 7. febrúar 2016 þar sem fram kemur að hann telji stefnanda óvinnufæra til

líkamlegra starfa. Þann 9. janúar 2015 varð stefnandi fyrir því að ekið var aftan á bifreið sem hún ók. Leitaði stefnandi á slysa- og bráðadeild Landspítala og var greind með tognun og ofreynslu á brjósthrygg. Telur stefnandi að við þetta síðara slys hafi fyrri einkenni vegna slyssins 7. júlí 2014 ýfst upp og versnað og síðan hafi sótt í sama farið. Í október 2015 báðu hið stefnda félag Vátryggingafélag Íslands hf., Tryggingamiðstöðin hf. og lögmannsstofan Fortis, sem þá gætti hagsmuna stefnanda, um mat á afleiðingum ofangreindra slysa. Niðurstaða matsgerðar H og I frá 6. júlí 2016 var að stefnandi hefði ekki orðið fyrir líkamstjóni í síðara slysinu, en afleiðingar slyssins þann 7. júlí 2014 væru 10 stiga miski og 20% varanleg örorka. Þá var stöðugleikatímupunktur sagður vera 7. desember 2014. Var niðurstaða matsmanna að 10 stiga miskinn réðist af dreifðum einkennum og mikilli versnun tognunareinkenna frá hálsi og baki og hækkun samkvæmt 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga, án þess að slysaáverkar væru nánar tilgreindir og færðir undir miskatöflur. Stefnandi kveðst hafa sagt matsmönnum að hún ætti erfitt með svefn, vaknaði oft á hverri nóttu vegna verkja. Stefnandi man ekki eftir því að matsmenn hafi spurt hana út í sálrænt ástand hennar, en henni hafi orðið verulega brugðið við skoðun læknisins og átt erfitt með að svara spurningum matsmanna. Stefnandi kveðst hafa ákveðið að taka ekki við bótum samkvæmt matsgerðinni.

7. Stefnandi lýsir því svo að fyrst eftir slysið 7. júlí 2014 hafi hún talið að hún ætti afturkvæmt á vinnumarkað. Þetta hafi hún ætlað sér og reynt að fá bót meina sinna með sjúkráþálfun meðal annars. Þannig hafi hún sótt meðferð hjá J í alls 82 skipti. Samkvæmt vottorði J sem liggur fyrir í málinu hafi afleiðingar slyssins verið verulegar fyrir stefnanda. Stefnandi þjáist af verkjum, sofi illa og hreyfi sig lítið. Stefnandi dvaldi á Reykjalundi í maí 2016 og aftur í september það ár en telur að eftir meðferðina þar hafi allt sótt í sama farið aftur. Á þessum tíma segir stefnandi að mikið vonleysi hafi sótt að henni og hún oft brostið í grát er hún ræddi ástand sitt við sína nánustu, sem hafi hvatt hana til að leita sér sálfræðiaðstoðar. Stefnandi hafi í október 2016 leitað til K. Í vottorði K frá 10. október 2016 kemur fram að hann greinir stefnanda með áfallastreituröskun og töluvert þunglyndi og kvíða sem afleiðingar slyssins 7. júlí 2014.
8. Stefnandi telur að hún hafi verið búin að jafna sig af fyrri áföllum og komin í fram-tíðarstarf sem henni líkaði vel er hún slasaðist 7. júlí 2014. Hún hafi unnið við elda-mennsku og bakstur í mötuneyti og haft vilyrði fyrir fastráðningu. Hún hafi ráðið vel við starfið þrátt fyrir að það hafi verið líkamlega erfitt. Hún hafi stefnt að meiri vinnu utan heimilis, sem hún hefði haft tækifæri til eftir að börn hennar fluttust að heiman, auk þess sem hún hafi áformað að stunda ýmiss konar tómstundagaman. Eftir slysið hafi þessi áform horfið og hún skynji að hún hafi bókstaflega verið keyrð í klessu, bæði andlega og líkamlega. Hún hafi liðið miklar þjáningar eftir umferðarslysið 7. júlí 2014 og sé þjökuð

af svefnleysi. Telur stefnandi að hún sé allt önnur manneskja en fyrir slysið. Þá sé hún með öllu ófær um að stunda líkamlega vinnu.

9. Aðaldómkröfu sína byggir stefnandi á niðurstöðu undirmats dómkvaddra matsmanna, þeirra L og M, og sundurliðar hana þannig að krafa um þjáningabætur sé 342.633 krónur. Krafa um bætur fyrir tímabundið tekjutjón sé 2.083.488 krónur. Miskabótakrafa sé 3.461.120 krónur. Krafa um álag á miskabætur sé 1.622.486 krónur og krafa um bætur fyrir varanlega örorku 15.832.288 krónur. Heildarfjárhæð aðaldómkröfunnar sé því 23.342.015 krónur en vegna þess að stefnandi sé við endanlega framsetningu dómkrafna sinna bundin af upphaflegri kröfugerð sinni sé aðaldómkrafa stefnanda samtals 21.657.706 krónur. Stefnandi byggir kröfu sína um þjáningabætur á niðurstöðu dómkvaddra undirmatsmanna þar sem fram kemur að þjáningatímabil samkvæmt 3. grein skaðabótalaga sé frá 7. júlí 2014 til 8. janúar 2015 eða alls 181 dagur. Stefnandi reiknar kröfu sína samkvæmt 15. grein skaðabótalaga, vísitala lánskjaravísitölu í apríl 2018 var 8875 margfaldað með 700 krónum samkvæmt 3. gr. skaðabótalaga en deilt með 3282 sem er lánskjaravísitala í júlí 1993 sem við er miðað samkvæmt 29. gr. skaðabótalaga = $1.893 \times 181 = 342.633$ krónur. Kröfu sína um bætur fyrir tímabundið tekjutap samkvæmt 2. grein skaðabótalaga byggir stefnandi sömuleiðis á niðurstöðu undirmatsmanna frá slysdagi að stöðugleikadegi eða í 181 dag eða rétta 6 mánuði. Stefnandi miðar við meðaltal árslaunaviðmiðs sem hún telur vera 4.166.987 krónur eða 347.248 krónur á mánuði í 6 mánuði, $347.248 \times 6 = 2.083.488$ krónur. Til vara reiknar stefnandi þessa kröfu sína út frá tekjum þremur mánuðum fyrir slysið, en tekjur hennar voru fyrir apríl 2014, 260.772 krónur, fyrir maí 325.166 krónur og fyrir júní 311.151 krónur, eða að meðaltali 298.700 krónur. Við þá fjárhæð bætir stefnandi 8% framlagi í lífeyrissjóð og miðar kröfuna við 321.800 krónur í sex mánuði, sem alls eru 1.930.000 krónur. Miskabótakröfu sína byggir stefnandi á niðurstöðu undirmatsmanna þar sem miski vegna afleiðinga slyssins þann 7. júlí 2014 var metinn 32 stig. Byggir stefnandi útreikning á miskahöfuðstól, samkvæmt 4. gr. skaðabótalaga, miðað við lánskjaravísitölu í apríl 2018, 8875 stig margfölduð með 4.000.000 króna en deilt með 3282 samkvæmt 29. gr. skaðabótalaga eða alls 10.816.000 krónur miðað við 100 miskastig en miðað við 32 miskastig 3.461.304 krónur. Stefnandi gerir kröfu um álag á miskabætur samkvæmt heimild 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga þar sem fram kemur að þegar sérstaklega stendur á sé heimilt að ákveða bætur allt að 50% hærrí en samkvæmt töflu 4. gr. Kröfuna takmarkar stefnandi þó svo að hún krefst 4.000.000 króna margfaldaðra með vísitölu 8875 en deilt með 3282 margfaldað með 15 (en ekki 16) eða alls 1.622.486 króna. Þessa kröfu sína byggir stefnandi á því að regla 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga eigi við í tilviki stefnanda með tilliti til þeirra margvíslegu líkamsspjalla sem stefnandi hafi orðið fyrir og með vísan til þeirra sérstöku erfiðleika sem líkamsáverkarnir valdi í lífi

stefnanda. Kröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku reiknar stefnandi miðað við árslaunin 4.166.987 krónur og margfaldar með stuðlinum 5,428 og margfaldar með 70% sem gefur niðurstöðutöluna 15.832.288 krónur. Miðar stefnandi við tekjufall sitt frá slysdegi og að vinnugeta hennar hafi horfið með öllu vegna afleiðinga slyssins.

10. Varadómkrafa stefnanda er byggð á niðurstöðum dómkvaddra matsmanna í undirmati.

Krafa um þjáningabætur er, eins og í aðalkröfu, 342.633 krónur. Krafa um bætur fyrir tímabundið tekjutjón er samkvæmt lægra tekjuviðmiði en í aðalkröfu eða 1.930.000 krónur. Krafa um miskabætur er hin sama og í aðalkröfu, 3.461.612 krónur. Varakröfu sína um bætur fyrir varanlega örorku reiknar stefnandi miðað við árslaunin 4.166.987 krónur og margfaldar með stuðlinum 5,428 og margfaldar svo með 45% sem gefur niðurstöðutöluna 10.178.282 krónur og er þá miðað við varanlega örorku samkvæmt niðurstöðu undirmatsmanna eða 45%. Þá bætir stefnandi við varadómkröfu sína kröfu um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda miðað við 65 ára aldur hennar, 3.296.275 krónum. Vísar stefnandi til þess að ef ekki hefði komið til slyssins í júlí 2014 hefði henni borið, fram til 65 ára aldurs, lífeyrisframlag úr hendi launagreiðanda alls að fjárhæð 2.357.912 krónur auk eigin framlags að fjárhæð 938.363 krónur sem hefði komið henni til góða við töku lífeyris. Alls telur stefnandi varadómkröfu að viðbættu tapi vegna innvinnslu lífeyrisréttinda nema 19.208.802 krónum.

11. Þrautavarakrafa stefnanda er reiknuð á sama hátt og varakrafa hennar en að slepptri kröfu um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda og nemur því alls 15.912.527 krónum. Stefnandi krefst dráttarvaxta frá 12. ágúst 2017 er liðinn var mánuður frá því að kröfur voru gerðar samkvæmt fyrrnefndri matsgerð frá 15. maí 2017, sem stefnandi óskaði eftir með vísan til 10. gr. skaðabótalaga, en þar telur stefnandi að þjáningabætur og tímabundin örorka sé metin eins og í undirmatsgerðinni og miska-bætur nánast þær sömu og varanleg örorka 40%, sem í undirmatsgerðinni og yfir-mats-gerðinni er metin 45%. Þannig séu dómkröfur stefnanda vegna þessarra bóta-þátta, bóta vegna tímabundinnar örorku, þjáningabóta, miskabóta og bóta fyrir varanlega örorku, nánast þær sömu og samkvæmt sérfræðimatinu. Miðað við þær forsendur sem gengið er út frá í dómi Hæstaréttar Íslands frá 20. desember 2011 í máli nr. 206/2011 eigi stefnandi því rétt á dráttarvöxtum frá 12. ágúst 2017. Til vara gerir stefnandi kröfu um dráttarvexti frá 17. maí 2018 og vísar til kröfubréfs sem gert var á grundvelli undirmatsgerðarinnar á sömu forsendum.

12. Stefnandi vísar til þess að fyrir liggja af gögnum málsins að hún hafi verið óvinnufær frá 7. júlí 2014. Stefnandi áréttar að í 2. mgr. 5. greinar skaðabótalaga segi að við mat á varanlegri örorku skuli líta til þeirra kosta sem tjónþoli hafi til að afla sér tekna með vinnu, sem sanngjarnt er að ætlast til að tjónþoli starfi við. Af lögskýringargögnum og

umfjöllun fræðimanna verði ráðið að um sé að ræða sanngirnismat, þar sem byggja verði á eðli þess líkamstjóns sem orðið hafi og þeim kringumstæðum eða þeirri aðstöðu sem tjónþoli búi við, svo sem aldri hans, menntun og atvinnuhorfum. Þá sé tekið fram í greinargerð með 5. grein skaðabótalaga að ekki megi horfa til framtíðar, nema full vissa sé fyrir því að vinnugeta aukist. Stefnandi bendir á að tekjufall hennar frá slysdegi sé 100%, sem er það viðmið sem fyrst og fremst beri að nota þegar varanleg örorka samkvæmt 5. grein skaðabótalaga sé metin. Þá bendir stefnandi á að samkvæmt lögum vinnuþingurinn sé erfitt fyrir tjónþola sem verið hafi án vinnu í fjögur ár að fá vinnu við sitt hæfi, en ætíð sé spurst fyrir um vinnureynslu og hvað umsækjandi hafi unnið undanfarin ár. Þeir sem leiti sér að starfsfólki skoði vitaskuld þessi atriði, sem leiði til þess að fyrir tjónþola í sporum stefnanda sé nær útilokað að fá léttu vinnu við sitt hæfi.

13. Stefnandi byggir á því að hið stefnda félag beri alla sönnunarbyrði um frádrátt frá dómkröfum, meðal annars um þann frádrátt sem nefndur er í 4. mgr. 5. greinar skaðabótalaga. Telur stefnandi að stefnda sé ekki rétt að byggja frádrátt sinn skv. 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga á matsgerðum lífeyrissjóðs um 100% óvinnufærni stefnanda nema fallast jafnframt á aðalkröfu stefnanda, en stefnandi geti ekki verið 100% óvinnufær frá dattarmegin (skuldajafnaðarmegin), en aðeins 45% óvinnufær kröfumegin. Byggir stefnandi í þessu efni á 45. grein laga um meðferð einkamála, að ef hið stefnda félag gerir kröfu um frádrátt eða skuldajöfnuð vegna bóta stefnanda frá lífeyrissjóðum hafi félagið jafnframt samþykkt aðalkröfu stefnanda. Vísar stefnandi um þetta til jafnræðisreglna váttryggingaréttar. Stefnandi byggir einnig á því, varðandi hugsanlegan frádrátt, skv. 4. mgr. 5. greinar skaðabótalaga, að hún hafi verið 58 ára á þeim stöðugleikatímamarki sem metinn hefur verið í málinu og hafi því væntanlega átt eftir að vinna til 65 eða 67 ára aldurs hið minnsta, er hún færi á ellilaun. Stefnandi byggir á því að tjónþoli sem verður af iðgjaldagreiðslum í lífeyrissjóð í næstum tíu ár verði fyrir umtalsverðu tjóni í formi lakari ellilífeyrisréttar, auk annarra réttinda, og sé því nauðsynlegt að bæta þessa skerðingu gagnvart stefnanda.

Málatilbúnaður stefndu

14. Stefndu vísa til þess að við mat á tjóni stefnanda verði að taka mið af því að hún hafi orðið fyrir margvíslegum slysum og óhöppum öðrum en þeim sem eru tilefni þessarar málssóknar, bæði fyrir og eftir slysið 7. júlí 2014. Stefndu nefna að árið 1989 hafi stefnandi lent í árekstri á Vesturlandsvegi og hlotið bakmeiðsli og hafi tjón hennar verið metið til 10 miskastiga. Þá hafi stefnandi á árinu 1994 verið metin hafa hlotið 15% varanlega örorku vegna afleiðinga umferðarslyss í október 1991. Auk þessa hafi stefnandi svo vitað sé lent í aftanákeyrslu á Smiðjuvegi, líklega á árinu 1999, og hlotið skaða af þriggja bíla árekstri á árinu 2002, dottið og meitt báðar hendur og úlnliði og hné á árinu 2006 og verið til skoðunar vegna gallaðgerða og nýrnasteina á árinu 2010. Þá liggi fyrir, og sé

ekki umdeilt, að stefnandi hafi orðið fyrir örorkutjóni í umferðaróhappi 9. janúar 2015. Telja stefndu að taka verði tillit til alls þessa við mat á orsakatengslum á milli einkenna stefnanda og umferðaróhappsins sem átti sér stað þann 7. júlí 2014 og mál þetta varðar.

15. Stefndu byggja á því að stefnandi, sem tjónpóli í skaðabótamáli, verði að sanna að öll skilyrði þess bótagrundvallar sem hún byggir á séu uppfyllt. Stefndu telja verulega á skorta að stefnandi hafi sýnt fram á orsakatengsl á milli umferðaróhappsins 7. júlí 2014 og þess umfangs tjóns sem krafist er bóta vegna. Því beri að sýkna stefndu. Stefndu vísa til þess að áður en aflað var yfirmats N, O og P hafi í málinu legið fyrir þrjár matsgerðir á grundvelli 10. greinar skaðabótalaga. Sameiginlega aflað utanréttarmat H og I, mat sem stefnandi aflaði einhliða hjá Q, R og S og loks matsgerð dómkvaddra matsmanna, L og M. Stefndu vísa til þess að ákvörðun um að afla yfirmats hafi, auk annarra ástæðna, ráðist að verulegu leyti af því að stefndu hafi talið niðurstöður um varanlegan miska og örorku, einkanlega í tveimur síðastnefndu matsgerðunum, vera of háar. Þannig hafi við gerð umræddra matsgerða skort á að nægjanlegt tillit væri tekið til fyrra heilsufars, stöðu stefnanda fyrir slys og takmarkaðra sönnunargagna fyrir orsakatengslum milli slyssins og andlegra einkenna. Stefndu telja jafnframt að með yfirmatinu hafi verið staðfest að í hinum fyrri mötum hafi stefnandi verið metin til örorku aftur vegna sömu einkenna. Telja stefndu því að leggja beri yfirmatsgerðina til grundvallar niðurstöðu í málinu og að matsgerð M og L sé ekki marktæk varðandi umfang tjóns stefnanda vegna atviksins frá 7. júlí 2014. Vísa stefndu til þess að ekki hafi verið sýnt fram á slíka galla á yfirmatsgerðinni að fram hjá henni verði litið að nokkru leyti. Þá sé yfirmatsgerðin sannfærandi, vel rökstudd og byggist sýnilega á því að tekið hafi verið fullt tillit til allra nauðsynlegra þátta við framkvæmd matsins.
16. Stefndu telja að matsmenn fyrri matsgerða hafi ekki litið réttilega til þess að stefnandi hafi litlar atvinnutekjur haft árin fyrir slys og notið greiðslna úr opinberum sjóðum. Fyrirliggjandi skattframtöl stefnanda séu skýr hvað þetta varðar og taka verði fullt tillit til aðstæðna og atvinnuþátttöku matsþola við mat á varanlegri fjárhagslegri örorku þar sem verið sé að meta þá skerðingu sem slysið hefur á tekjuöflunarhæfi hennar. Þá verði ekki fram hjá því litið að stefnandi hafi verið í tímabundnu starfi. Stefndu mótmæla sérstaklega kröfu stefnanda um að hækka beri miskabætur á grundvelli 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga um allt að 50%. Stefndu telja að jafnvel þó byggt væri á niðurstöðu undirmats hafi matsmenn komist að niðurstöðu um hámarks miskastig stefnanda að teknu tilliti til allra aðstæðna hennar. Ekkert í gögnum málsins eða rökum stefnanda styðji kröfu um hækkun á metnu miskastigi. Þá vísa stefndu til afdráttarlausrar niðurstöðu M og L um að skilyrði 2. ml. 3. mgr. 4. gr. skaðabótalaga séu ekki fyrir hendi. Stefndu telja kröfu stefnanda um bætur fyrir varanlega örorku svo vanreifaða að erfitt sé að sjá á hvaða

rökum stefnandi byggji umfang kröfu sinnar. Í stefnu er í löngu máli fjallað um sanngirnismælikvarða, stjórnarskrárvarinn rétt og eignarréttindi. Þannig sé í sóknargögnum á engan hátt gerð grein fyrir því hvernig stefnandi kemst að þeirri niðurstöðu að um 70% skerðingu á vinnugetu hafi verið að ræða vegna slyssins 7. júlí 2014. Stefndu mótmæla því að nokkur ástæða sé til að fallast á kröfu stefnanda um bætur sem miðist við 70% starfsorkuskerðingu.

17. Stefndu mótmæla útreikningum stefnanda á kröfufjárhæðum sem þau telja í verulegum atriðum ranga. Stefndu vísa um uppgjör til fyrirbyggjandi tjónskvittana og fullnaðaruppgjör sem gert hafi verið með aðilum. Þá taka stefndu afstöðu til einstakra kröfuliða stefnanda sem hér segir. Kröfu stefnanda um bætur fyrir þjáningar telja stefndu byggða á röngum grunni samkvæmt 15. gr. skaðabótalaga. Þannig byggji stefnandi á því að miða beri við 1.893 krónur á hvern dag en stefndu telja rétt að miða við 1.890 krónur. Stefnandi krefjist bóta fyrir þjáningar í 181 dag. Stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., hafi greitt þjáningabætur þann 16. nóvember 2017 sem námu 281.520 kr. á verðlagi 20. ágúst 2016 eða sem svaraði 153 dögum og 4,5% vexti til 20. ágúst 2016 og dráttarvexti eftir það. Þá hafi stefndi greitt fyrir 28 daga þann 4. júlí 2019 og sé því krafa stefnanda um bætur fyrir þjáningar að fullu uppperð. Þá byggja stefndu á því að stefndi Vátryggingafélag Íslands hf. hafi þegar greitt stefnanda bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Útreikningar stefndu hafi byggst á meðallaunum stefnanda síðustu sex mánuði fyrir slys, 278.507 krónum á mánuði. Stefndu telja grunn tímabundins tekjutaps stefnanda þar með ekki geta verið hærri fjárhæð en 1.680.312 krónur ($278.507 * 6 = 1.671.042$). Þá beri að draga frá framangreindri fjárhæð greiðslur atvinnurekanda sem í júlí námu 287.778 krónum, í ágúst 38.346 krónum og í nóvember 40.355 krónum, samtals 366.479 krónur. Eftir standi tekjutap stefnanda sem nemi 1.304.563 krónum sem þegar hafi verið greitt af stefnda Vátryggingafélagi Íslands hf. og vísa stefndu um það til sundurliðunar í greinargerð sinni. Stefndu telja að stefnandi eigi því enga kröfu lengur um bætur fyrir tímabundið atvinnutjón. Stefndu hafna forsendum útreikninga stefnanda vegna miskabóta og hafna því að sjónarmið um álag á miska eigi við. Stefndu vísa til þess að miða beri við niðurstöðu yfirmats sem ekki hafi verið hnekkt og telja að uppgjör miðað við þá niðurstöðu sé þegar fullgreitt. Stefndu gera ekki ágreining um útreikninga stefnanda hvað varðar viðmiðunarlaun og margfeldisstuðul vegna varanlegrar örorku. Stefndu vísa til þess á hinn bóginn, sem fyrr greinir, að krafa stefnanda miðað við 70% örorku sé engum gögnum studd og með öllu ósonnuð. Þá vísa stefndu til þess að miða beri við niðurstöðu yfirmats sem ekki hafi verið hnekkt og telja að uppgjör miðað við þá niðurstöðu sé þegar fullgreitt. Stefndu hafna forsendum kröfu stefnanda um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda og telja skýrt að slík krafa sé innifalin í árslaunaviðmiði sem aðilar hafi verið ásáttir um og öll uppgjör þeirra á milli hafi miðast við. Þá vísa stefndu til þess að

bersýnilega sé ótækt að reikna inn eigið framlag í lífeyrissjóð eins og stefnandi virðist gera kröfu um. Stefnu mótmæla dráttarvaxtakröfu stefnanda og telja engin efni til að reikna dráttarvexti fyrr en í fyrsta lagi frá dómsuppsögu enda ekki ljóst fyrr en þá hvort stefnandi eigi einhverja kröfu á hendur stefndu. Stefnu benda einnig á að það er fyrst í stefnu að sett er fram fjárfrafa á hendur stefndu á grundvelli þeirra forsendna sem greiðslukrafa er gerð um í málinu og þar að auki hafi stefnandi aukið við og breytt kröfum sínum undir rekstri málsins.

Niðurstaða

18. Eins og að framan greinir aflaði stefnandi matsgerðar samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga frá Q, R og S. Samkvæmt matsgerð þeirra frá í maí 2017 eru afleiðingar umferðarslyssins 7. júlí 2014 þær að miski stefnanda vegna þess líkamstjóns og geðræns tjóns, sem hún varð fyrir í slysinu er metinn til 33 miskastiga og varanleg örorka 40%. Stefnandi krafði stefnda, Vátryggingafélag Íslands hf., um bætur samkvæmt matsgerðinni en félagið hafnaði bótum og taldi að sérfræðimatið hnekkti ekki því sameiginlega mati sem aðilar hefðu látið gera, sbr. sérfræðimat þeirra H og I frá í júlí 2016. Stefnandi bað um að dómkvaddir yrðu matsmenn til að meta afleiðingar slyssanna í júlí 2014 og janúar 2015 og til staðfestingar á sérfræðimatsgerðinni. Dómkvödd voru L og M. Samkvæmt matsgerð þeirra 13. apríl 2018 er varanlegur miski vegna afleiðinga slyssins 7. júlí 2014 32 stig, þar af eru 15 stig vegna blandaðra geðeinkenna, þunglyndis, kvíða og áfallastreituröskunar, og varanleg örorka 45%. Stefnandi krafði stefnda, Vátryggingafélag Íslands hf., um bætur samkvæmt matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna en ekki varð samkomulag um uppgjör á þeim grundvelli. Undir rekstri málsins óskaði stefndi, Vátryggingafélag Íslands hf., eftir því að dómkvaddir yrðu yfirmatsmenn og í þinghaldi 10. desember 2018 kvaddi dómari til þá N, O og P. Yfirmatsmenn skiluðu niðurstöðu sinni 16. mars 2019. Þeirra niðurstaða var að varanlegur miski stefnanda væri rétt metinn til 25 stiga og varanleg örorka 45%. Yfirmatsmenn töldu að einkenni stefnanda á matsfundi 23. janúar 2019 væru að hluta til þau sömu og hefðu komið til mats vegna bílslyss sem stefnandi varð fyrir 1991 og metin voru til 15 stiga miska og 15% örorku í matsgerð T og U 2. nóvember 1994. Þannig töldu yfirmatsmenn að líkamstjón stefnanda við slysið 7. júlí 2014 væri bundið við verki í hægri öxl og upphandlegg ásamt einkennum frá brjóstakassa en að öðru leyti væru ekki forsendur til að meta einkenni stefnanda til miska eða örorku þar sem þau einkenni hefðu þegar verið forsenda fyrir örorkumatinu frá 1994. Þá töldu yfirmatsmenn að hluta örorku stefnanda væri einnig að rekja til umferðarslyss sem hún varð fyrir 2015 en afleiðingar þess hefðu verið metnar til 5% örorku og 5 stiga miska. Samkvæmt þessu töldu yfirmatsmenn að af 45% varanlegri örorku stefnanda væri 25% að rekja til slyssins 7. júlí 2014.

19. Við mat á þýðingu sönnunargagna sem lögð eru fram í málinu um afleiðingar umferðarslyssins fyrir stefnanda gildir meginregla 1. mgr. 44. gr. laga nr. 91/1991. Um matsgerðir er fjallað í IX. kafla einkamálalaga nr. 91/1991. Fyrir liggur að matsgerða var aflað í máli þessu, meðal annars um örorku- og miskastig stefnanda vegna slyssins, auk þess sem fyrir liggja sérfræðiskýrslur lækna samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga. Þessar skýrslur og mót koma öll til skoðunar í máli þessu og mun dómurinn, sem skipaður er sérfróðum meðdómsmanni, meta þau á grundvelli fyrrgreindrar meginreglu. Í ljósi þess að fyrirliggjandi mót eru að nokkru leyti misvísandi um afleiðingar þeirra slysa sem stefnandi hefur lent í þarf dómurinn að taka afstöðu til þess hvaða mat er raunhæfast um miska og örorku stefnanda, vegna slyssins sem hér er deilt um, 7. júlí 2014, í ljósi þeirra upplýsinga sem fyrir liggja. Þegar litið er til frumgagna eins og fyrirliggjandi læknisvottorða V þá kemur fram að stefnandi hafi náð sér af slysum frá í október 1991 og júlí 2002 og farið að vinna fulla vinnu sem telja má líkamlega erfiða. Fyrir liggur að stefnandi var í slíkri vinnu á Z fram til slyssins í júlí 2014. Þá er ekki umdeilt að áform voru um að hún fengi þar fasta vinnu til frambúðar. Þannig liggja fyrir gögn frá heilsugæslulækni hennar um að hún hafi alveg náð sér eftir slysin 1991 og 2002 og telur dómurinn því að líta verði svo á að stefnandi hafi fengið nýjan áverka við slysið 7. júlí 2014. Dómurinn getur því ekki fallist á þá niðurstöðu yfirmatsmanna að einkenni stefnanda á matsfundi við gerð yfirmatsins 2019 séu að hluta til þau sömu og komu til mats vegna bílslyssins sem stefnandi varð fyrir 1991.

20. Ekki er í ljósi endanlegs málatilbúnaðar aðila framfar ágreiningur um að stefnandi hafi hlotið andlegan skaða við slysið 7. júlí 2014, en fram kemur í áðurgreindum gögnum í undirmatsgerð og yfirmatsgerð og í sérfræðiskýrslu Q, S og R að stefnandi stríði við áfallastreitu og þunglyndi og hefur verið sérstaklega staðfest með geðskoðun geðlæknisins N í yfirmati. Auk þess hefur V staðfest að hún hafi þjáðst af kvíðaröskun og svefnleysi og túlkað það sem einkenni þunglyndis í kjölfar slyssins. Slík andleg áföll koma gjarnan eftir að viss tími hefur liðið og afleiðingar slyss eru að fullu komnar fram með viðvarandi verkjum, atvinnuleysi og brostnum framtíðarvæntingum sem leitt geta til aukins þunglyndis síðar. Þá er í skýrslu W sem einnig er meðal frumgagna, að finna lýsingu hennar á nákvæmri skoðun á brjósthrygg stefnanda sem styður að sá áverki hafi komið til 7. júlí 2014, auk hálstognunar og mjóbakstognunar. Að öllu samanlögðu virðist í ljósi skoðunar frumgagna að læknisfræðileg mót Q og L komist næst rétttri niðurstöðu um miska og varanlega örorku stefnanda eftir slysið 7. júlí 2014. Dómurinn telur því að mat dómkvaddra undirmatsmanna, þeirra L og M, gefi gleggsta mynd af rétt metnum afleiðingum þeirra áverka sem stefnandi varð fyrir 7. júlí 2014 og mun leggja það mat til grundvallar dómsniðurstöðu.

21. Dómurinn fellst ekki á kröfu stefnanda um að miðað verði við 70% varanlega örorku, sem ekki er nægum gögnum studd og heldur ekki í samræmi við dómvenju. Þá fellst dómurinn á málsvörn stefndu sem varðar kröfur stefnanda um bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda, að slík krafa sé innifalin í árslaunaviðmiði sem aðilar hafi verið ásáttir um og öll uppgjör þeirra á milli hafi miðast við og auk þess sé ótækt að reikna inn eigið framlag í lífeyrissjóð eins og stefnandi gerir kröfu um. Dómurinn telur samkvæmt framansögðu og með vísan til þeirra útreikninga dómkrafna sem ekki eru umdeildar með aðilum, þ.e. fyrir varanlegan miska og varanlega örorku, að fallast beri á þá kröfufliði eins og þeir koma fyrir í þrautavarakröfu stefnanda. Dómurinn fellst á það með stefndu að miða beri fjárhæð þjáningabóta við 1890 krónur á dag en ekki 1893 krónur eins og stefnandi byggir á, með vísan til reglu lokamálsliðar 1. málsgreinar 15. gr. skaðabótalaga. Dómurinn telur því að lækka beri kröfu stefnanda um þjáningabætur úr 342.633 krónum í 342.090 krónur. Aðilar deila um hver skuli vera viðmiðunarlaun við útreikning bóta fyrir tímabundið tekjutjón. Stefnandi reiknar kröfuna miðað við laun stefnanda síðustu þrjá mánuði fyrir slysið í júlí 2014 og telur fjárhæð hennar nema 1.930.000 krónum. Stefnandi reiknar kröfuna miðað við laun stefnanda síðustu sex mánuði fyrir slysið og telur að fjárhæð hennar geti hæst numið 1.680.312 krónum. Dómurinn telur, með vísan til þess sem fram er komið um að stefnandi hafi verið að festast í sessi í starfi því sem hún gegndi er hún varð fyrir margnefndu slysi og átt von á fastráðningu, að sanngjarnt sé eins og hér stendur á að miða kröfu stefnanda um bætur fyrir tímabundið tekjutjón við laun hennar síðustu þrjá mánuði fyrir slysið í júlí 2014 og að fjárhæð kröfunnar skuli nema 1.930.000 krónum. Heildarkrafa stefnanda nemur því samkvæmt framansögðu alls 15.911.984 krónum. Frá dragast innborganir stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf., samtals að fjárhæð 15.390.289 krónur með vöxtum en ekki er ágreiningur um fjárhæð þeirra. Stefnandi hefur einnig gert grein fyrir því að auk ofangreindra innborgana skuli með vísan til 4. mgr. 5. gr. skaðabótalaga draga frá kröfu hennar 1.113.369 krónur miðað við stöðugleikadag 8. janúar 2015 vegna örorkugreiðslna sem hún naut úr lífeyrissjóðum frá slysinu og fram að þeim degi. Stefnandi telur að vísu að frá þeirri fjárhæð beri að draga 938.363 krónur vegna þess tjóns sem hún hafi orðið fyrir á verðmæti lífeyrisréttinda sinna vegna slyssins en dómurinn fellst ekki á þann málalíbúnað eins og að framan greinir. Samkvæmt þessu er ljóst að krafa stefnanda eins og dómurinn telur hana vera er að fullu uppperð með greiðslum stefnda, Vátryggingafélags Íslands hf. til stefnanda. Með vísan til þessa ber að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda. Eftir úrslitum málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þykir rétt að málskostnaður milli aðila falli niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar 2.500.000 krónur. Steingrímur Þormóðsson lögmaður flutti málið fyrir stefnanda. Ágúst Bragi Björnsson lögmaður flutti málið fyrir

stefndu. Dómendur voru Ástráður Haraldsson héraðsdómari sem dómsformaður, Ragnheiður Snorradóttir héraðsdómari og Bogi Jónsson bæklunarskurðlæknir.

Dómsorð:

Stefndu, Vátryggingafélag Íslands hf., C og D, eru sýkn af kröfum stefnanda, A. Málskostnaður fellur niður. Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hennar, Steingríms Þormóðssonar, 2.500.000 krónur.

Ástráður Haraldsson

Bogi Jónsson

Ragnheiður Snorradóttir